

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL • 107 REYKJAVÍK • SÍMAR 5529899, 5630325, 5630300 • KT. 710169-3579



Stofnað 1949

10. fundur stjórnar L.H. haldinn í Reykjavík 6. sept. 1997. Fundurinn hófst kl. 11:20.

Formaður setti fund og bauð stjórnarmenn velkomna.

Þessir voru mættir:

Birgir Sigurjónsson, Sigbjörn Björnsson, Jón Bergsson, Sigríður Sigþórsdóttir, Sigurgeir Bárðarson, Halldór Gunnarsson, Marteinn Valdimarsson og Sigurður Þórhallsson.

Guðbrandur Kjartansson hafði boðað forföll vegna vinnu sinnar á Vífilsstaðaspítala. Í hans stað kom inn á fundinn fyrsti varamaður þ.e. Marteinn Valdimarsson.

Dagskrá.

Formaður gerði grein fyrir viðræðum sínum við formann HÍS varðandi sameiningarmál L.H. og HÍS. Þessi fundur stjórnar L.H. var boðaður til undirbúnings formannafundi hestamannaflaganna og hestaíþróttadeildanna sem hefst hér í Reykjavík í Fáksheimilinu í dag kl. 14:00 samkvæmt fundarboði sem sent var út frá skrifstofu L.H. 1. sept. s.l. Einnig var þessi fundur boðaður öllum símleiðis sama dag.

Ýmis mál tengd sameiningu og fyrirliggjandi tillögu að sameiningarferli voru rædd þ.a.m. hugsanleg ný stjórn í nýjum samtökum.

Rætt var um hvað verður um ýmsar eignir L.H. og hestamannaflaganna í landinu ef af sameiningu verður.

Rætt var skipan nýrrar stjórnar L.H. ef af sameiningu verður. Stjórnarmenn allir gerðu grein fyrir afstöðu sinni til þess þ.e. hvort þeir gefi kost á sér til setu í nýri stjórn eða ekki. Á þessu stigi er afstaða hvers og eins trúnaðarmál.

Rædd voru ýmiss mál sem tengjast næsta ársþingi L.H. sem halddið verður á Egilsstöðum 24. og 25. okt. n.k.

Ráðgert er að boðað verði til stjórnarfundar síðar í þessum mánuði til undirbúnings ársþinginu. Klukkan 12:20 var gert fundarhlé (matarhlé) og síðan kl. 13:20 hittust stjórnir L.H. og HÍS í Fáksheimilinu. Þar var ræddur undirbúningur formannafundarins sem hefst kl. 14:00.

Formannafundurinn stóð til klukkan 17:00 en þá kom stjórn L.H. saman til að ljúka fundinum sem hófst eins og áður hefur komið fram kl. 11:20.

Stjórnarmenn ræddu formannafundinn og kom fram að vel hefði til tekist með þann fund. Mæting var allgóð og umræður voru málefnalegar.

Til umræðu á þessum framhaldsfundi var ársþingið og undirbúningur stjórnar L.H. varðandi tillögugerð o.fl.

Rætt var um "þema" þingsins eins og venja hefur verið á undansförmum þingum. Í því sambandi var nefnt að ræða málefni eins og "Ímynd hestamannsins í þjóðfélöginn". Þetta viðfangsefni fékk góðar undirtektir. Ákveðið var að halda símafund (stjórnarfund) þriðjudaginn 16. sept. kl. 20:30.

Rætt var um og ákveðið að fá lögfræðing, Tryggva Gunnarsson eða annan til að skoða - tillögu að lögum Landssambands hestamanna- sem lögð verður fyrir ársþingið á Egilsstöðum. Eins og fram hefur komið er þessi tillaga flutt inn á þingið af sameiningarnefnd L.H. og HÍS. Einnig verði lögfræðingurinn beðinn að yfirfara það sameiningarferli sem fyrir liggur og skila umsögn um þetta hvoru tveggja til stjórnar L.H. fyrir 20. sept. n.k.

Umsögnin fjalli um hvort þessi atriði samræmist lögum L.H.

Fundi slitið kl. 17:55

Halldór Gunnarsson ritari L.H.

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL • 107 REYKJAVÍK • SÍMAR 552 9899, 563 0325, 563 0300 • KT. 710169-3579



Stofnað 1949

9. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöll, Reykjavík 29. ágúst 1997 og hófst hann kl. 14:00.

Þessir voru mættir:

Birgir Sigurjónsson, Guðbrandur Kjartansson, Halldór Gunnarsson, Sigbjörn Björnsson, Jón Bergsson, Sigurgeir Bárðarson, Sigríður Sigþórsdóttir, Sigfús Helgason, Birgir Rafn Gunnarsson og Sigurður Þórhallsson.

Formaður setti fund og bauð fólk velkomið. Hann gerði grein fyrir breyttri dagskrá frá útsendu fundarboði.

1. Hugað að undirbúningi 48. ársþings L.H.

Formaður og framkvæmdastjóri L.H. gerðu grein fyrir undirbúningi ársþings L.H. sem haldið verður á Egilsstöðum 24. og 25. október n.k. í boði Freyfaxa. Að venju sér skrifstofa L.H. um margháttan undirbúning þinghaldsins í samráði við stjórn samtakanna og heimaaðila.

2. Tillögugerð stjórnar v. ársþings og aðalmál þingsins.

Fundurinn fjallaði um tillögugerð stjórnar þar var rætt um tillögugerð varðandi:

- áningarálfasjóð
- úthlutunarreglur varðandi reiðvegafé
- reiðvegamál almennt
- mótaðald (fjórðungsmót)
- fjáhagsáætlun fyrir 1998
- menntun gæðingadómara
- fækkun dómara á landsmótum
- skráningargjöld á landsmótum

Þessir málaflokkar voru lítillega ræddir og ákveðið að fela skrifstofunni að undirbúa tillögur í þessum málaflokkum í samráði við formann L.H. og aðra stjórnarmenn samtakanna.

3. Nýjar stoðir að fjármögnun landsmóta.

Formaður greindi frá fundi sem hann og Sigurður framkvæmdastjóri áttu með formanni og framkvæmdastjóra Bændasamtaka Íslands nýverið varðandi fjárvstuðning Bí að undirbúningi landsmóta L.H. og Bí. Rædd var myndun framkvæmdasjóðs í þessu sambandi sem að hluta yrði í formi láns og endurgreitt af innkomu móttana að hluta eftir ákveðnum reglum eða reglugerð um sjóðinn sem sett yrði. Framkvæmdastjórum Bí og L.H. falið að vinna sameiginlega að framvindu málsins. Jákvæðar undirtektir og árangurs að vænta innan skamms tíma.

4. Raflögn til Skógarhóla.

Sigurður Þórhallsson gerði grein fyrir kostnaði við lagningu rafmagns til Skógarhóla á Þingvöllum. Línulögn lauk 25. ágúst s.l. og var rafmagn komið á Skógarhóla 28. ágúst. Heildarkostnaður verður um kr. 2.800.000.- Fjármögnun

er ekki að fullu lokið en eins og áður hefur komið fram ber L.H. ekki kostnað af þessari framkvæmd. Sigurður og Birgi formanni falið að senda Þingvallanefnd beiðni um fjárfamlag vegna þessa máls.

5. Bréf til vegamálastjóra.

Sigríður gerði grein fyrir bréfi sem hún hefur samið og senda á til vegamálastjóra Helga Hallgrímssonar. Bréfið fjallar um reiðvegamál sem snertir hestamenn og umferð hesta um allt land. Sigríði var þakkað gott framtak og verður bréf þetta sent óbreytt til Vegagerðarinnar. Að öðru leyti vísast til bréfsins í heild, en eins og kunnugt er, er Sigríður formaður ferða- og umhverfisnefndar L.H. Bréfið verður sent út með þessari fundargerð sem fylgiskjal.

6. Reglugerð um gerð reiðvega.

Sigríður gerði grein fyrir hugmyndum sínum um að hefja undirbúning að gerð reglugerðar um gerð reiðvega. Hún benti á að gerð reiðvega þarf að vera með mismunandi hætti eftir því hverjar aðstæður eru. Hér er um að ræða hvort reiðleið er í byggð eða óbyggð hvort hún er meðfram hraðbrautum o.s.frv. Stjórn L.H. felur framkvæmdastjóra að senda mannvirkjanefnd L.H. og HÍS erindi þess efnis að nefndin hefjist handa um að samin verði reglugerð um hönnun reiðvega.

7. Aðalfundur Landverndar.

Sigurður kynnti aðalfund Landverndar sem haldinn verður í haust. Stjórnin gerir ráð fyrir að Sigríður sæki fundinn fyrir hönd stjórnarinnar.

8. Bréf frá Ferðaþjónustu bænda.

Sigurður kynnti bréf frá Ferðaþjónustu bænda. Í bréfinu er vakin athygli á alþjóðlegri ráðstefnu sem haldin verður hér á landi þann 26. september n.k. um markaðssetningu sjálfbærrar ferðaþjónustu í dreifbýli. Í bréfinu kemur fram að óskað er eftir að L.H. sendi fulltrúa á ráðstefnuna. Stjórnin tilnefndi Sigríði sem fulltrúa L.H. á ráðstefnunni.

Þegar hér var komið fundi var gert fundarhlé (kl. 16:15 - 18:15). Ástæðan var sú að fundur var haldinn hér í húsinu þar sem mættu stjórnir L.H., HÍS og sameiningarnefnd L.H. og HÍS, en þessi fundur hafði áður verið boðaður. Sérstök fundargerð var skrifuð á þessum sameiginlega fundi.

9. Sameiningarmál L.H. og HÍS.

Í framhaldi af fyrrnefndum fundi hófust umræður um efni fundarins þ.e. hugsanlega sameiningu og sameiningarferli L.H. og HÍS eins og lagt er til í þeim gögnum sem sameiningarnefndin lagði fram á fundinum. Stjórnarmenn gerðu grein fyrir skoðunum sínum í málínu á hreinskiptinn hátt og málefnalega. Stjórnin var sammála því sameiningarferli sem lagt er til að verði unnið eftir fram að ársþingi L.H. 24. og 25. október n.k. (sjá greinargerð sameiningarnefndar L.H. og HÍS til stjórna beggja samtakanna frá 29. ágúst) þrátt fyrir skiptar skoðanir stjórnarmanna L.H. um sameiningu.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 19:40.

Halldór Gunnarsson ritari L.H.

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL • 107 REYKJAVÍK • SÍMAR 552 9899, 563 0325, 563 0300 • KT. 710169-3579



Stofnað 1949

10. fundur stjórnar L.H. haldinn í Reykjavík 6. sept. 1997.

Fundurinn hófst kl. 11:20.

Formaður setti fund og bauð stjórnarmenn velkomna.

Pessir voru mættir:

Birgir Sigurjónsson, Sigbjörn Björnsson, Jón Bergsson, Sigríður Sigþórsdóttir, Sigurgeir Bárðarson, Halldór Gunnarsson, Marteinn Valdimarsson og Sigurður Þórhallsson.

Guðbrandur Kjartansson hafði boðað forföll vegna vinnu sinnar á Vífilsstaðaspítala. Í hans stað kom inn á fundinn fyrsti varamaður þ.e. Marteinn Valdimarsson.

Dagskrá.

Formaður gerði grein fyrir viðræðum sínum við formann HÍS varðandi sameiningarmál L.H. og HÍS. Þessi fundur stjórnar L.H. var boðaður til undirbúnings formannafundi hestamannafélaganna og hestaþróttadeildanna sem hefst hér í Reykjavík í Fáksheimilinu í dag kl. 14:00 samkvæmt fundarboði sem sent var út frá skrifstofu L.H. 1. sept. s.l. Einnig var þessi fundur boðaður öllum símleiðis sama dag.

Ýmis mál tengd sameiningu og fyrirliggjandi tillögu að sameiningarferli voru rædd þ.a.m. hugsanleg ný stjórn í nýjum samtökum.

Rætt var um hvað verður um ýmsar eignir L.H. og hestamannafélaganna í landinu ef af sameiningu verður.

Rætt var skipan nýrrar stjórnar L.H. ef af sameiningu verður. Stjórnarmenn allir gerðu grein fyrir afstöðu sinni til þess þ.e. hvort þeir gefi kost á sér til setu í nýrri stjórn eða ekki. Á þessu stigi er afstaða hvers og eins trúnaðarmál.

Rædd voru ýmiss mál sem tengjast næsta ársþingi L.H. sem haldið verður á Egilsstöðum 24. og 25. okt. n.k.

Ráðgert er að boðað verði til stjórnarfundar síðar í þessum mánuði til undirbúnings ársþinginu. Klukkan 12:20 var gert fundarhlé (matarhlé) og síðan kl. 13:20 hittust stjórnir L.H. og HÍS í Fáksheimilinu. Þar var ræddur undirbúningur formannafundarins sem hefst kl. 14:00.

Formannafundurinn stóð til klukkan 17:00 en þá kom stjórn L.H. saman til að ljúka fundinum sem hófst eins og áður hefur komið fram kl. 11:20.

Stjórnarmenn ræddu formannafundinn og kom fram að vel hefði til tekist með þann fund. Mæting var allgóð og umræður voru málefnalegar.

Til umræðu á þessum framhaldsfundi var ársþingið og undirbúningur stjórnar L.H. varðandi tillögugerð o.fl.

Rætt var um "þema" þingsins eins og venja hefur verið á undanförnum þingum. Í því sambandi var nefnt að ræða málefni eins og "Ímynd hestamannsins í þjóðfélaginu". Þetta viðfangsefni fékk góðar undirtektir. Ákveðið var að halda símafund (stjórnarfund) þriðjudaginn 16. sept. kl. 20:30.

Rætt var um og ákveðið að fá lögfræðing, Tryggva Gunnarsson eða annan til að skoða - tillögu að lögum Landssambands hestamanna- sem lögð verður fyrir ársþingið á Egilsstöðum. Eins og fram hefur komið er þessi tillaga flutt inn á þingið af sameiningarnefnd L.H. og HÍS. Einnig verði lögfræðingurinn beðinn að yfirfara það sameiningarferli sem fyrir liggur og skila umsögn um þetta hvoru tveggja til stjórnar L.H. fyrir 20. sept. n.k.

Umsögnin fjalli um hvort þessi atriði samræmist lögum L.H.

Fundi slitið kl. 17:55

Halldór Gunnarsson ritari L.H.

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL • 107 REYKJAVÍK • SÍMAR 5529899, 5630325, 5630300 • KT. 710169-3579



Stofnað 1949

11. fundur stjórnar L.H. (símafundur) haldinn 16. sept. 1997.

Formaður setti fund og bauð stjórnarmenn velkomna.

Þessir tóku þátt í fundinum:

Birgir Sigurjónsson, Guðbrandur Kjartansson, Sigbjörn Björnsson, Halldór Gunnarsson, Jón Bergsson, Sigurgeir Bárðarson, Birgir R Gunnarsson (fyrsti varamaður í stað Sigríðar) og Sigurður Þórhallsson.

Þetta gerðist á fundinum:

Undirbúningur 48. ársþings L.H.

Farið var yfir drög að dagskrá þinghaldsins sem Sigurður framkvæmdastjóri hafði sett upp og sent stjórnarmönnum í pósti.

Ákveðið var að þingsetning hæfist ekki fyrr en morgunflug úr Reykjavík væri afstaðið þ.e. eftir kl. 10:00 þann 24. okt. n.k.

Ákveðið var að leita til Sveinbjörns Eyjólfssonar og Sigfúsar Þorsteinssonar um að taka að sér að sinna störfum forseta þingsins. Sigurði falið að ræða við þá um þetta verkefni.

Eins og kunnugt er verður lögð fram tillaga á þinginu að viðamikilli breytingu á lögum L.H. sem felur m.a. í sér að Landssamband hestamannafélaga verði sérsamband innan ÍSÍ og þá jafnframt að HÍS sameinist L.H.

Töluberð umræða varð um þessa tillögu og meðferð hennar á þinginu. Þá var einnig rætt um stjórnarkjör í þessu sambandi.

Á undanförnum ársþingum hefur skapast sú hefð að hafa ákveðið þemaverkefni á fyrri degi þinghaldsins.

Stjórnin ákvað að fella þennan lið niður á þessu þingi vegna tímaskorts þar sem ákveðið hefur verið að þinghaldi ljúki um hádegi síðari daginn. Í stað þess verði fenginn fyrirlesari til að flytja erindi sem fjalli um "Ímynd hestamannssins í þjóðfélaginu". Formanni og framkvæmdastjóra falið að finna þennan fyrirlesara sem allra fyrst.

Rætt var um ávörp gesta en þeir verða:

Formaður Freyfaxa, Bæjarstjórinn á Egilsstöðum, fulltrúi Landbúnaðarráðherra, fulltrúi frá Bændasamtökum Íslands o.fl.

Stjórnin ákvað að heiðra eftirtalda félaga úr röðum L.H.:

Guðmund Þorleifsson, Leif Jóhannesson og Kára Arnórsson.

Samþykkt var á fundinum að Birgir R Gunnarsson Fáki verði formaður kjörbréfanefndar þingsins.

Þá var framkvæmdastjóra falið að finna úr hópi þingfulltrúa fjóra þingritara þar af einn yfirritara.

Rætt var um tillögugerð stjórnar L.H. til ársþingsins og stjórnarmenn beðnir að undirbúa tillögur ef einhverjar væru og koma með þær á næsta fund.

Gjaldkera falið í samráði við formann og framkvæmdastjóra að setja upp tillögu að fjárhagsáætlun fyrir 1998. Einnig var gjaldkera falið að ræða við kollega sinn hjá HÍS um að setja upp fjárhagsáætlun fyrir breytt samtök hestamannafélaga ef af sameiningu L.H. og HÍS yrði á þinginu.

Fleira ekki fært til bókar.

Halldór Gunnarsson.

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL • 107 REYKJAVÍK • SÍMAR 5529899, 5630325, 5630300 • KT. 710169-3579



Stofnað 1949

12. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöll 2. okt. 1997 og hófst hann kl. 14:30.

Formaður setti fund og bauð fólk velkomið.

Þessir voru mættir:

Birgir Sigurjónsson, Guðbrandur Kjartansson, Halldór Gunnarsson, Jón Bergsson, Sigurgeir Bárðarson, Sigríður Sigþórsdóttir, Sigbjörn Björnsson og Ingibjörg Magnúsdóttir. Birgir Rafn Gunnarsson kom síðar á fund. Sigfús Helgason og Haraldur Þórarinsson boðuðu forföll.

1.

Formaður lagði fram og kynnti álit Tryggva Gunnarssonar lögfræðings varðandi sameiningu L.H. og HÍS. Á fundi stjórnar L.H. þann 6. sept. s.l. var ákveðið að óska eftir því að fá Tryggva Gunnarsson lögfræðing til að yfirfara fyrilliggjandi sameiningarferli út frá lögfræðilegu sjónarmiði kvað varðar núverandi lög L.H.

Álit Tryggva er dagsett 17. sept. s.l. og er ítarlegt og vandað. Hann leggur fram nokkrar ábendingar sem fulltrúar beggja samtaka hestamanna L.H. og HÍS í sameiningarnefndinni þurfa að taka til athugunar og lagfæringa.

Í lok ályktunar Tryggva segir svo m.a. “Ég hef hér að framan sett fram svör við þeirri fyrirspurn sem beint var til míni, en ég tek fram að ég hef aðeins haft skamman tíma til að kanna málið og ég hef því sniðið umsögn mína við meginatriði þess, en ekki farið yfir orðalag á einstökum ákvæðum í hinum fyrilliggjandi tillögum til breytinga á lögum L.H. Ég tek fram að ég er reiðubúinn til að skýra nánar framangreindar niðurstöður á fundi með fulltrúum L.H., ef eftir því verður leitað”.

Töluberð umræða varð um álit Tryggva og þá sameiningu sem framundan er og rædd verður á 48. ársþingi L.H. á Egilsstöðum 24. og 25. okt. n.k.

Sameiningarnefnd L.H. og HÍS hefur þegar fengið álit Tryggva til athugunar og frekari skoðunar. Nefndin mun væntanlega gera þær breytingar á fyrilliggjandi lagadrögum sem til þarf svo þau megi leggja fyrir ársþingið “hnökralaus”.

2.

Formaður kynnti bréf sem nýverið var sent Fjárlaganefnd Alþingis þar sem L.H. sækir um styrk úr ríkissjóði að upphæð kr. 4.000.000.- Styrknum yrði einkum varið til að efla unglungastarf L.H. eins og undanfarin ár. Bréfið er dagsett 30. sept. s.l. og undirritað af formanni L.H.

3.

Formaður greindi frá því að hann og Sigurgeir gjaldkeri L.H. færu í heimsókn til fyrrverandi formanns L.H. Alberts Jóhannssonar 8. okt. n.k. Tilefnið er að færa honum ofurlitla gjöf sem þakklætisvott af hálfu L.H. fyrir mikið og óeigingjarnt starf í þágu samtakanna, en Albert varð sjötugur á s.l. ári. Þeir félagar fara með góðar óskir til Alberts og fjölskyldu hans í tilefni þessa frá stjórnarmönnum í L.H.

4.

Milliuppgjör L.H.

Gjaldkeri lagði fram og kynnti gögn um rekstur L.H. fyrstu 8 mánuði yfirstandandi árs. Þar kemur fram að tekjur L.H. eru kr. 5.412.175 en gjöld 4.981.161. Tekjuafgangur er því kr. 431.014.-

5.

Tillöguflutningur stjórnar L.H. á 48. ársþingi 24. og 25. okt. n.k.

- A) Sigurgeir lagði fram drög að viðmiðunarreglum varðandi úthlutun úr reiðvegasjóði. Reglurnar voru samþykktar með smávægilegum breytingum, en litið er á þær sem vinnureglur fyrir úthlutunarnefnd reiðvegfjár. Sigurgeir falið að móta tillögu um síðasta lið reglnanna er varðar umsóknir um styrki úr sjóðnum. Tillagan verði lögð fyrir ársþingið til samþykktar eða synjunar. Síðasti liður reglnanna er eftirfarandi:
“Það styrkir umsókn ef fyrir liggur vilyrði bæjarstjórnar/sveitarstjórnar eða héraðsnefnda um framlög á móti”.
- B) Nýjar stoðir að fjármögnun landsmóta. Formaður kynnti þetta mál og greindi frá því að unnið er markvisst að undirbúningi málsins hjá L.H. og þeim aðilum sem tengjast þessari sjóðmyndun. Tillaga um þetta efni verður ekki lögð fram á þessu þingi.
- C) Rædd var tillaga um menntun dómara sem stjórin flytur á þinginu.
- D) Rædd tillaga um skráningargjöld flutt af mótanefnd.
- E) Rædd tillaga um fækkun dómara flutt af mótanefnd.
- F) Rædd tillaga um fjórðungsmót flutt af mótanefnd.
- G) Rædd tillaga er varðar kynbótasýningar flutt af mótanefnd.
- H) Ákveðið var að fá Gunnar Stein Pálsson til að flytja erindi sem kalla mætti “Ímynd hestamannsins í þjóðfélaginu”. Formanni falið að ræða við Gunnar um að taka að sér þetta verkefni og semja við hann um greiðslu.
- I) Þingforsetar. Formanni falið að ræða við þau Sveinbjörn Eyjólfsson Hvanneyri og Jónínu Guðmundsdóttur Egilsstöðum um að taka að sér störf þingforseta.

6.

Áningaráhlóf - áningaráhlófasjóður.

Umsóknir hafa borist frá þremur hestamannafélögum um styrk úr sjóðnum, þ.e. frá Smára, Geysi og Mána.

Samþykkt var að vísa bréfi Mána til ferða og umhverfisnefndar.

Hestamannafélagið Smári fær styrk að upphæð kr. 40.000.-

Hestamannafélagið Geysir fær styrk að upphæð kr. 75.000.-

7.

Guðbrandur Kjartansson varaformaður L.H. og Jón Bergsson stjórnarmaður óskuðu bókurnar á eftirfarandi:

“Undanfarin ár hafa sameingarmál L.H. og HÍS verið uppi á borðum samtakanna. Þrátt fyrir að lengst af hafi meirihluti stjórnar L.H. verið andvígur sameiningu og inngöngu í ÍSÍ, hafa mál þróast á þann veg að áfram hefur verið unnið í átt til sameiningar. Nú blasir við að á næsta þingi L.H. verði endanleg atkvæðagreiðsla um hvort sameinað skuli eður ei og að L.H. gangi þá inn í ÍSÍ. Við viljum að það komi skýrt fram í fundargerð L.H. að við höfum verið og erum enn á móti því að L.H. sameinist HÍS og gangi alfarið inn í íþróttasamtökin”.

Fleira ekki bókað.

Fundi slitið kl. 18:50

Halldór Gunnarsson ritaði fundargerð.